

Mál nr. 304/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ferðarofspáttar greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um hvenær orlofsferð telst hafa verið rofin af völdum slyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.9.2016, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 5.10.2016.

Málsatvik.

Eiginkona M var í sumarleyfi með fjölskyldu sinni á Ítalíu frá 10. júní 2016 og heimferð var ráðgerð 25. júní s.á. Hinn 14. júní fótbrotnaði K, eiginkona M, og þurfti að setja hana í bráðabirgðagifs og mun hún ekki hafa mátt stíga í fótinn í sex vikur. Strax 14. júní var afráðið að flytja K til Íslands og af heimferðinni varð 18. júní. Fram að heimferð þurfti K að dveljast á hótélherbergi sínu.

M hafði í gildi nánar tiltekna greiðslukortatryggingu hjá V sem fól m.a. í sér ferðarofstryggingu. Greiddi V bæt看ur úr vátryggingunni sem nam hlutfallslegum óafturkræfum ferðakostnaði fjölskyldunnar fyrir tímabilið frá 16. júní til 25. júní. M hefur ekki sætt sig við þá niðurstöðu félagsins og telur að bæturnar eigi að reiknast frá 14. júní, en frá þeim tíma hafi K ekki getað notað ferðina vegna fótbrotsins og ferðin því í reynd verið rofin þá. V hefur ekki fallist á þennan skilning M.

Álit.

Í vátryggingarskilálum þeim sem um vátrygginguna gilda segir að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að 440.000 krónur af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

Ekki er um það deilt að K varð fyrir slysi með þeim afleiðingum að rjúfa þurfti ferðina og fjölskyldan að fara heim. Fyrirgreint ákvæði skilmálanna verður ekki skilið á annan veg en þann að rof verði á ferð við það að vátryggður þurfi að fara heim eða liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss, jafnvel þótt dagarnir á undan hafi ekki nýst eins og til stóð vegna afleiðinga veikindanna eða slyssins sem leiddi til ferðarofsins. Í ljósi þessa mæla skilmálarnir í tilviki M ekki fyrir um bæt看ur fyrir ferðarof fyrr en frá þeim degi sem fjölskyldan hélt heimleiðis til loka hins fyrirhugaða orlofstíma. V hefur þegar bætt tjón vegna þess hluta ferðarinnar sem ekki nýttist frá heimferðardeginum 18. júní. M á því ekki rétt á frekari bótum vegna ferðarofsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ferðarofspætti greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.